


| |
|----------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. <i>GF</i> <i>HJ</i> |
| 27 NOV. 2006 |
| <i>40</i> |
| Tilv <i>U5720060100066</i> |

Rekstrarfélagið Braut ehf.

**Skýrsla um grænt bókhald
svínabús í Brautarholti 2005**



| | | |
|-------|---|---|
| 1. | Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess | 3 |
| 1.1 | Almennar upplýsingar | 3 |
| 1.2 | Starfsleyfi | 3 |
| 1.3 | Pættir sem starfsleyfið gildir fyrir og færa á grænt bókhald yfir | 3 |
| 1.4 | Staðsetning | 3 |
| 1.5 | Framleiðsluferli | 3 |
| 1.5.1 | Gotdeild | 3 |
| 1.5.2 | Smágrísaeldi | 3 |
| 1.5.3 | Eldisgrísaeldi | 3 |
| 1.5.4 | Slátrun | 4 |
| 1.5.5 | Fóðrun og fráveita úrgangs | 4 |
| 1.6 | Stærð fyrirtækisins | 4 |
| 1.7 | Umhverfisþættir í grænu bókhaldi | 4 |
| 1.8 | Aðkoma starfsmanna að grænu bókhaldi | 4 |
| 2. | Yfirlýsing stjórnar | 5 |
| 3. | Staðfesting endurskoðenda | 5 |
| 4. | Umhverfisstefna Rekstrarfélagsins Brautar ehf. | 6 |
| 5. | Lykiltölur | 6 |
| 5.1 | Framsetning | 6 |
| 5.2 | Takmarkandi ákvæði í starfsleyfi | 6 |
| 5.3 | Framleiðsla og fjöldi dýra | 6 |
| 5.4 | Hráefni, hjálparefni og auðlindir | 7 |
| 5.4.1 | Hráefni | 7 |
| 5.4.2 | Hjálparefni | 7 |
| 5.4.3 | Auðlindir | 7 |
| 5.5 | Umhverfisþættir | 7 |
| 5.5.1 | Mengunarþættir í framleiðsluferli og -vörum | 7 |
| 5.5.2 | Mengunarefni í frárennsli | 7 |
| 5.5.3 | Mengunarefni í útblæstri, lyktarmengun | 8 |
| 5.5.4 | Annar lífrænn úrgangur | 8 |
| 5.5.5 | Annar úrgangur | 8 |
| 5.5.6 | Mengunarefni | 8 |
| 5.5.7 | Eigið eftirlit og skráningar | 9 |

1 Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess

1.1 Almennar upplýsingar

| | |
|--|---|
| Nafn: | Rekstrarfélagið Braut ehf. |
| Kennitala: | 580696-2019 |
| Heimili: | Sóltúni 26, 105 Reykjavík |
| Starfsstöð: | Brautarholt, Kjalarne |
| Númer fyrirtækjaflokks: | 6.6 |
| Tímabil sem grænt bókhald nær yfir: | 1. janúar – 31. desember 2005 |
| Stjórn Rekstrarfélagsins Brautar ehf.: | Óskar Jósepsson Helgi Sigurðsson hrl. |
| Tengiliðir græns bókhalds: | Björn Jónsson, bústjóri Guðmundur Garðar Arthursson, framkvæmdastjóri |

1.2 Starfsleyfi

| | |
|-----------------|---|
| Gildistími: | 19. nóvember 2002 - 19. nóvember 2007 |
| Útgefandi: | Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkurborgar. |
| Eftirlitsaðili: | Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkurborgar. |

Sérstakt starfsleyfi gildir um starfsemi nýrra hreinsivirkja fyrir mykju. Gildistimi hreinsivirkjanna er sá sami og fyrir aðra starfsemi búsins.

1.3 Þættir sem starfsleyfið gildir fyrir og færa á grænt bókhald yfir

Þauleldi svína með fleiri en 2.000 alisvíni yfir 30 kg sbr. grein 6.6. í reglugerð 851/2002.

1.4 Staðsetning

Svínabú Rekstrarfélagsins Brautar ehf. er staðsett í Brautarholti á Kjalarne. Í beinni loftlinu er búið staðsett um 2 km frá Grundarhverfi á Kjalarne, 12 km frá Mosfellsbæ og í um 15 km frá Reykjavík.

1.5 Framleiðsluferli

Starfsemi svínabúins felst í framleiðslu eldisgrísa til slátrunar og sölu fráfærugrísa. Helstu þættir í starfseminni eru gotdeild, smágrísaeldi, eldisgrísaeldi, fóðurstöð og hreinsivirkri.

1.5.1 Gotdeild

Í gothúsum eru grísir aldir frá fæðingu til 7 – 8 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 4 vikur. Grísir eru undir gyltum í þessum hluta eldisins og eru aldir á mjólk auk fóðurs.

1.5.2 Smágrísaeldi

Í smágrísaeldi eru grísir aldir allt til 25-30 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 7 vikur.

1.5.3 Eldisgrísaeldi

Í eldisgrísaeldi eru grísir aldir til 90-100 kg þunga. Þessi hluti eldisins tekur að jafnaði um 14-15 vikur. Heildareldistími er því að jafnaði um 25-26 vikur.

1.5.4 Slátrun

Við lok eldisgrísaeldis eru grísirnir fluttir til slátrunar. Að lokinni slátrun eru grísir fluttir til kaupenda.

1.5.5 Fóðrun og fráveita úrgangs

Á öllum stigum eldisins er um að ræða fóðrun og fráveitu úrgangs. Svinabúið framleiðir eigið fóður í fóðurstöð sinni. Framleitt er fóður vegna fóðrunar á öllum stigum eldisins. Kornið er malað og því blandað í fóðurstöðinni, ásamt öðrum íblöndunarefnum. Þá er fóðurblöndunum dælt inn í svínahúsin í gegnum fóðurkerfi búsin.

1.5.6 Hreinsivirkir

Hreinsivirkir er starfrækt við búið. Hreinsivirkir tekur við mykju úr flórum svínahúsanna og skilur að þurr- og blauthluta efnisins. Blauthluta er dælt á haf út en þurrlutinn er borinn á tuni í landi Brautarholts.

1.6 Stærð fyrirtækisins

Árið 2005 voru 8 fastráðir starfsmenn við svínabú Rekstrarfélagsins Brautar ehf. í Brautarholti. Heildarframleiðsla svínabúsins á árinu 2005 var 2.013 fráfærugrísir og 9.597 sláturgrísir alls 11.610 dýr.

1.7 Umhverfisþættir í grænu bókhaldi

Í starfsleyfi svínabúsins í Brautarholti er kveðið á um starfsreglur og skilyrði vegna þeirra umhverfisþátta sem helst eru taldir geta haft neikvæð áhrif á umhverfið.

Þættirnir eru:

- Umfang eldisins
- Söfnun, úrvinnsla og fráveita úrgangs frá svínahúsum
- Geymsla og förgun á lífrænum úrgangi

Í skýrslunni er lögð áhersla á að greina þessa þætti.

1.8 Aðkoma starfsmanna að grænu bókhaldi


Björn Jónsson, bústjóri Rekstrarfélagsins Brautar ehf. annast stærstan hluta gagnaöflunar varðandi grænt bókhald hjá fyrirtækinu. Hann heldur utan um magntölur varðandi eldsneyti, íblöndunarefini, hreinsiefni, ýmsar rekstrarvörur og smurefni, auk talna um slátrun. Bústjóri annast utanumhald um fóðurnotkun og frárennsli frá svínabúinu. Björn Jónsson og Guðmundur Garðar Arthursson, framkvæmdastjóri, önnuðust gerð þessarar skýrslu.

2 Yfirlýsing stjórnar Rekstrarfélagsins Brautar ehf.

Stjórn Rekstrarfélagsins Brautar ehf. staðfestir hér með þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu um Grænt bókhalds svínabús félagsins í Brautarholti vegna ársins 2005.

Markvisst er unnið að umbótum í umhverfismálum með því að leggja áherslu á bætta nýtingu aðfanga ásamt því að minnka hlutfallslegt magn úrgangs. Þannig er ávallt leitast við að bæta fóðurnýtinguna ásamt því að markvisst hefur verið farið í aðgerðir sem bæta nýtingu orku á búinu. Við losun úrgangs er þess gætt að hann valdi sem minnstum skaða í umhverfinu.

Reykjavík 17/11 2006.


Eikor Jónasson

3 Staðfesting endurskoðanda

Við höfum endurskoðað skýrslu Rekstrarfélagsins Brautar ehf. um grænt bókhald fyrir árið 2005. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við láturnum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.


Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur félagsins hafa skilgreint.
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur estirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningargerðir, spurningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Rekstrarfélagsins Brautar ehf. um grænt bókhald á árinu 2005 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Reykjavík, 17/11 2006.


Sigrún H. Svartsdóttir

KPMG Endurskoðun hf.